



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA**

Mars 2013

Sharing Our Vision – Strengthening Our Society  
Frá orðum til athafna.

Ágætu formenn deilda.

Vorboðinn kæri er kominn. Sést hefur til lóunnar, en spurning er, hvort sú hin sama hafi ef til vill haft vetursetu hér á landi. Eitt er samt sem áður öruggt að hennar komutími er á næstu grösum og er það alltaf ljúft og tilhlökkunarefni að heyra dirrindið hljómfagra óma.

Fundarefni deildanna hefur verið sérstaklega fölbreytilegt í vetur og gaman að fylgjast með því.

Enn og aftur minni ég ykkur á mikilvægi DKG netsíðunnar. Allt sem þið takið ykkur fyrir hendur og upplýsið á netinu virkar sem hvatning fyrir aðrar deildir og þeirra störf.

**Landssambandsþing og aðalfundur landssambandsins 04. – 05. maí 2013.**

Nú liggur dagskrá landssambandsþings og aðalfundar fyrir og hvet ég ykkur til að fá sem flestar af ykkar deildarkonum til þátttöku í þinginu. Það yrði sérstaklega ánægjulegt að geta sýnt samstöðu og innri kraft samtakanna með því að fjölmenna á þingið. Bókið herbergi sem allra fyrst.

**Síminn hjá Hótel Heklu er : 4865540**

Á flekamótum er heiti landssambandsþingsins að þessu sinni og er bæði fræðandi og fagmannlega unnið af menntamálnefnd. Síðan hefur Epsilon deild undirbúið alla umgjörð fundarins, menningarferð um nágrennið og veisluna á laugardagskvöldinu af miklum metnaði. Verður þetta allt mjög spennandi og hvet ég ykkur til að fjölmenna með ykkar deildarkonur á þetta glæsilega mót DKG kvenna.

Vinsamlegast látið mig vita hversu margar konur úr ykkar deildum ætla að taka þátt eigi síðar en um 10. apríl. Ég hvet ykkur til að hringja í allar ykkar deildarkonur og fá þær með á þingið.

**Evrópuráðstefnan í Amsterdam 7. – 10. ágúst.**

Endanleg dagskrá er ekki komin á netið, en allar ferðir sem ráðstefnan býður upp á eru auglýstar, hótelið og fleira. Þann 6. ágúst er European Forum fundurinn ( sjá netsíðu okkar ), deginum fyrir sjálfa ráðstefnuna.

Þann 6. ágúst verða ótal fræðandi fyrirlestrar ( workshops ) sem mjög gaman er að taka þátt í og hvet ég ykkur að skoða það nánar.

Flótlega verður tilkynnt um nánari dagskrá. Nú þegar er vitað um 10 konur frá Íslandi sem verða þátttakendur og vonandi verða þær fleiri. Það skiptir máli og er mjög áhugavert, eins og ég hef áður sagt ykkur að taka þátt í

alþjóðasamstarfinu, hvetjið því ykkar konur til þátttöku. Kynnið þetta vel fyrir þeim konum sem eru nýkomnar inn í samtökin.

Þær sem verða með “workshop” geta sótt um styrk til stjórnar landssambandsins sem tekur umsóknina fyrir, en það þarf að gerast fyrir ráðstefnuna. Umsóknareyðublöð eru á netsíðu okkar.

Maria Katharina Heimbach svæðisstjórinn í Evrópu ( DKG European Regional Director ) bað mig að kynna ykkur að hægt verður að leigja sölubása og selja listmuni á ráðstefnunni, umsóknareyðublað þar að lútandi má finna á netsíðu ráðstefnunnar DKG 2013 Europe Regional Conference- Vendor and Exhibitor Application/ Agreement Email: [irkisteman@scarlet.nl](mailto:irkisteman@scarlet.nl) ( Janny Kisteman ) Það væri frábært, ef einhverjar tækju sig jafnvel saman og leigðu sölubás, þetta er í það minnsta hugmynd sem vert er að hugsa aðeins um, ágætu formenn. Við eigum listakonur og gaman væri að þær færu með listaverkin og kynntu og seldu. Hafið nánar samband við mig.

Stjórnumámskeiðin eru hafin. Sigrún Jóhannesdóttir kom á fund til Lamdadeildar með námskeið sem vakti mikla ánægju hjá deildarkonum og hvet ég ykkur til að hafa samband við Sigrúnu sem fyrst, til að bóka hana fyrir næsta vetur. [Sigrun@frae.is](mailto:Sigrun@frae.is)

#### **Frá orðum til athafna:**

Eygló [eyglob@unak.is](mailto:eyglob@unak.is) vefstjóri er alltaf tilbúin að setja inn fyrir okkur eitthvað frá deildunum undir þennan lið. Þessi liður er kjörinn til að setja inn það sem vel er gert innan ykkar hóps, og þið viljið vekja athygli á. Endilega verið ósparar á að hrósa ykkar konum fyrir góða hluti og setjið eitthvað gott inn undir þennan lið. Ég minni líka á Láru formann ritnefndar sem bíður eftir öllu fréttæmu sendið henni póst [larag@ismennt.is](mailto:larag@ismennt.is) Evrópupósturinn Euforia þiggur allt fréttæmt frá deildum DKG í Evrópu, þannig að ef þið lúrið á einhverju, komið með það.

**Viðurkenningar:** Næsti fundur stjórnar landssambandsins verður haldinn í næstu viku. Þar verður meðal annars rætt um viðurkenningar fyrir vel unnin störf, mér þætti vænt um að fá ábendingar frá ykkur, ágætu formenn, ef það eru einhverjar konur sem þið teljið að eigi að heiðra sérstaklega á aðalfundinum.

Ég hef þetta ekki meira í bili og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar páskahátíðar.

Hafið það sem allra best,

Kærar kveðjur,  
Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
Forseti landssambandsins